

***BORGARRÁÐ 17. september 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að endurskoða áætlun um að auka votlendi í Úlfarsárdal - R20090114***

Áætlað er að auka votlendi í Úlfarsárdal. Það er vel, en þar vantar mikið upp á undirbúningsvinnu. Samkvæmt verkefninu „endurheimt votlendis – Úlfarsárdalur“ á að bjóða verkefnið út núna en það er að hirða rusl o.fl. fylla upp í þverskurði. Reiknað er með að varðveita votlendisgróður. Verkið á að hefjast í september og ljúki áður en varp fugla hefjist á næsta ári. Flokkur fólksins leggur til að þessu útbóði verði frestað því að svona vinnubrögð ganga ekki.

Verktaki sem fær verkið hefur líklega ekki sérfræðinga á sínum snærum sem geta greint gróður seint að hausti eða um hávetur og allra síst votlendisplöntur sem eru komnar í vetrarham. Þess vegna eru kröfur um að varðveita einhverjar plöntutegundir marklausar, því að ekki verður unnt að fara eftir því. Ekkert verður hægt að segja um hvort líffræðileg fjölbreytni aukist eða minnki.

Verktaki á að loka skurðum en búa til einhverjar tjarnir. Andfuglar nýta tjarnir og í stórum tjörnum er hægt að gera hólma. Þá fá andfuglar frið frá t.d. heimilisköttum til koma ungum á legg.

Teikna þarf upp hvernig verkið skal vinna. Eftir slíka vinnu er tímabært að bjóða verkið út.

**Greinargerð:**

Fullkomin endurreisn lífríkis verður aldrei í borgarumhverfi en það má ganga þannig um óbyggð svæði að þau líkist því sem er í ósnortinni náttúru. En til að það sé hægt þarf alla vega að skoða hvernig ósnortin svæði nýtast þeim lífverum sem við viljum halda í

Áberandi er við borgarmörkin að skortur er á gríðarstöðum fyrir margar fuglategundir. T.d. ef gerð er tjörn, koma andfuglar á hana eftir fáeina daga (tjarnir vantar), svo sem sjá þá þegar settjarnir voru gerðar meðfram Elliðaám. Augljóst er öllum að andfuglar nýta tjarnir, en þær tjarnir hafa meira virði ef þær eru það stórar að hægt sé að gera hólma í þeim. Þá fá andfuglar frið frá t.d. heimilsköttum til koma ungum á legg.

Teikna þarf upp hvernig verkið skal vinna og leggja áherslu á að gera tjarnir með hólum.

Skoða þarf gróðurfar og kanna sérstaklega hvort hlúa þurfi að einstökum plöntutegundum. (dæmi. gulstör, síkjamari, lófótur)

Eftir slíka vinnu er tímabært að bjóða verkið út.